

Starfsáætlun leikskóla



fyrir skólaárið 2023-2024

Um skólann

Leikskólinn Álfaborg er á Svalbarðseyri. Skólastjóri er Bryndís Hafþórsdóttir. Álfaborg hefur starfað frá árinu 1993 og var því 30 ára í mars. Álfaborg er rekinn af Svalbarðsstrandarhreppi.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskólaladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Álfaborg**

Sumarfrí 15. júlí - 12. ágúst 2024

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F		1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 L	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 M	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 M	17 M	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 F	19 Þ	19 M	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 M	22 F	22 M	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 M	23 F	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 M	24 F	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 M	27 M	27 F	27 L	27 M	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F	31 Þ	31 M	31 M	31 F	31 S	31 M	31 L	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M

Tölulegar upplýsingar um börn

Áætlaður fjöldi barna veturinn 2023-2024 er 43, 21 drengur og 22 stúlkur.

Áætlaðar dvalarstundir eru 330 og meðaldvalartími er 7,6 stundir á dag.

Nokkur börn njóta sérkennslu í formi snemmtækrar íhlutunar, stuðnings og/eða iðjupjálfunar. Áætlaður fjöldi tvítýngdra barna er 4.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda er áætlaður 10 inn á deildir auk 0,6 í eldhúsi

Heildarfjöldi starfsmanna er áætlaður 11 inn á deildir.

Símenntun starfsmanna þennan veturinn er mikið einstaklingsbundin námskeið. Allir starfsmenn taka námskeiðið Verndarar barna í október. Allir starfsmenn fara í námsferð í maí til Berlínar þar sem horft er sérstaklega til námsörðugleika auk móttöku og aðlögunar barna af erlendum uppruna að skólakerfinu.

Einhverjir starfsmenn fara á TRAS námskeið (skimun fyrir málproska ungra barna), Hljóm-2 (skimun á hljóð og málvitund elsta árgangs), Hvenær er skylt að tilkynna

aðstæður barna til barnaverndaryfirvalda?, grunnnámskeið tengiliða farsældar og CAT-kassann (hugræn tilfinningaleg þjálfun).

Öryggismál

Við Álfaborg og Valsárskóla er starfandi öryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum. Deildirnar sjá um að yfirfara skólalóðina á hverjum morgni til að athuga hvort rusl leynist á svæðinu eða skemmdir hafa orðið á lóð eða leiktækjum yfir nóttina. Skráningarblað er á báðum deildum.

Reglulega gerir opinber aðili úttekt á skólalóðinni og húsnæðinu. Eftir slíkar úttektir er búin til úrbótaáætlun sem skólastjóri ber ábyrgð á og passar að sé fylgt eftir.

Slysaskráningar eru gerðar á Karellen og bera deildarstjórar ábyrgð á að þær séu gerðar.

Rýmingaráætlun er til og eru rýmingaræfingar vegna eldsvoða a.m.k. tvisvar sinnum á ári, fyrst undirbúin og svo óundirbúin sem öryggisnefnd ber ábyrgð á.

Faglegar áherslur

Einkunnarorð Álfaborgar eru “umhyggja, virðing, metnaður og gleði”
Einkunnarorðin eiga að endurspeglar allt skólastarfið og öll samskipti.

Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á Uppbyggingarstefnuna, Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær, frjálsan leik og flæði í dagskipulagi.

Uppbyggingarstefnan - Uppeldi til ábyrgðar

Í báðum skólum er unnið eftir Uppbyggingarstefnunni; Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga en sú stefna felur í sér að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga. Aðferðin ytir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla á að þau læri af mistökum sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skóla í samskipta- og agamálum.

Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær

Með vináttuverkefninu Blæ kennum við börnunum að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki. Þetta er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir börn á leikskólaaldri og fyrstu bekkni grunnskóla. Verkefnið kemur frá Danmörku og heitir á frummálinu „Fri for mobberi“. Markmið verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Grundvöllur þess að vel takist til er þátttaka allra í leikskólanum; barna, starfsfólks og foreldra. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því.

Frjáls leikur

Við leggjum upp með að hafa góðan tíma og gott rými fyrir flæði og frjálsan leik. Leikurinn er einn af náms- og þroskaleiðum barnsins, í frjálsum leik á leikurinn að vera sjálfsprottinn og skapandi. Í gegnum leikinn æfast börnin í félagslegum reglum, samskiptum, viðeigandi hegðun og efla þroskann. Allir utanaðkomandi þættir hafa áhrif á leikinn og hann þróast í samræmi við það. Til að ýta undir frjálsa leikinn er lögð áhersla á flæði í dagskipulaginu og börnin fá að stjórna betur eigin tíma, leikurinn endar þegar þau eru tilbúin í stað þess að klukkan stjórni.

Flæði í dagskipulagi

Í Álfaborg er opið dagskipulag þar sem áherslan er á að börn nái flæði í leik og starfi. Þegar börnin koma í leikskólann finna þau sér viðfangsefni. Þeim stendur síðan til boða að fá sér morgunmat þegar þeim hentar á bilinu kl. 8:00-8:45. Eftir morgunmat geta börnin haldið áfram með sín verkefni eða fundið sér ný og er opna dagskipulagið ríkjandi úti og inni fram að hádegismat. Hádegismatur er á bilinu 11:00-12:00 og þá geta börnin fengið sér að borða þegar þeim hentar. Eftir hádegismat tekur við róleg stund á báðum deildum. Að því loknu, kl. 13:00 er áframhaldandi starf inni. Í kaffitímanum býðst börnunum að setjast til borðs á bilinu 14:00-14:45 og fá sér næringu. Eftir að hafa borðað geta þau fundið sér ný viðfangsefni utandyra. Tvisvar í viku fara börnin í hópastarf og er þá skipt í hópa eftir aldri.

Mat og umbætur

Bæði starfsfólk og foreldrar taka þátt í skólapúlsinum þetta skólaár og eru niðurstöðurnar notaðar til að meta starfið hjá okkur og bæta það sem hægt er. Foreldraviðtöl og starfsmannaviðtöl eru einnig notuð til að leggja mat á starfið og bregðast við athugasemdum.

Foreldrasamstarf

Bæði er starfandi foreldrafélag og skólaráð í Álfaborg. Samkvæmt lögum á að vera foreldraráð í leikskólum en vegna þess hve leikskólinn er fámennur er hann með undanþágu þar sem við erum með skólaráð sem er sameiginlegt í Álfaborg og Valsárskóla. Í því sitja kennarar, nemendur, foreldrar beggja skólastiga og fulltrúi úr grenndarsamfélaginu. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum en skólaráð fundar þrisvar sinnum á ári. Skólaráð hefur það hlutverk að gefa umsagnir til leikskóla um skóladagatal, starfsáætlun, skólanámskrá o.fl.

Foreldrasamtöl eru einu sinni á ári, 12. febrúar þetta skólaárið, en foreldrar geta alltaf beðið um samtal ef þörf er á. Foreldrahandbók Álfaborgar er [hérna](#).

Samstarf við grenndarsamfélagið

Samstarf við Valsárskóla

Á milli skólanna er fjölbreytt samstarf. Nemendum á elsta stigi Valsárskóla stendur til boða að velja stuðning í leikskóla sem val og koma þá tveir til þrír nemendur tvisvar í viku og eru með í frjálsum leik eftir hádegi. Nemendur Álfaborgar hafa aðgang að íþróttasal Valsárskóla einu sinni í viku og er sá tími nýttur í allskonar æfingar og leiki. Í leikskólanum eru „Krummar“ hópur þeirra barna sem er á seinasta ári í leikskólanum og er samstarf við Valsárskóla um heimsóknir barnanna þangað. Einu sinni í viku yfir veturinn fer hópurinn yfir í Valsárskóla og er heilan skóladag með 1. og 2. bekk m.a. í íþróttum og í bekkjarkennslu. Leikskólabörnin borða bæði morgunmat og hádegismat í skólanum og fara í frímínútur með grunnskólabörnunum. Tilgangurinn með þessum degi er að börnin kynnist umhverfi skólans, starfsfólki hans, nemendum og öðlist öryggi.

Aðra hverja viku fara Krummarnir með 1. og 2. bekk í útiskóla en þá er nærumhverfið skoðað, hvar erum við örugg og hvar leynast hættur? Ýmis verkefni eru unnin uppi í skógarreitnum, niðri í fjöru, við skólabyggingarnar eða bara hvar sem er.

Samstarf við fræðsluvið, velferðarsvið og aðra stoðþjónustu

Samstarf við fræðsluvið Akureyrarbæjar felst m.a. í eftirlits- og ráðgjafarhlutverki starfsfólks sviðsins gagnvart skólanum. Þegar þarf að leita aðstoðar utan skólans vegna þarfa einstakra barna eða fjölskyldna er leitað til ráðgjafa fræðsluviðs, velferðarsviðs og/eða barnaverndar. Slíkt samstarf er í samvinnu foreldra, skóla og ráðgjafa.

Slökkvilið

Slökkviliðið kemur árlega með fræðslu fyrir elsta árganginn sem er kölluð Logi og Glóð og eftir þá fræðslu sinna börnin eftirliti í leikskólanum á ýmsum öryggisþáttum. Á vorin fer elsti árgangurinn svo í heimsókn á slökkvistöðina.

Lögregla

Lögreglan kemur í heimsókn á vorin í kringum fyrsta hjóladaginn og spjallar við börnin.

Helstu verkefni 2023-2024

- Gera skólanámskrá Álfaborgar.
- Skerpa á Uppbyggingarstefnunni.
- Koma öllu starfsfólki á námskeið fyrir vináttuverkefni Barnaheilla - Blæ.
- Fara í námsferð til Berlínar.

Bryndís Hafþórsdóttir
Svalbarðseyri 19. sept. 2023

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Gátlisti:

A. Kemur fram með fullnægjandi hætti.	B. Kemur fram með ófullkomnum hætti.	C. Kemur ekki fram.
---------------------------------------	--------------------------------------	---------------------

Koma fram upplýsingar um barnahópinn þ.e. áætlun um fjölda barna, fjölda sérkennslubarna og fjölda tvítyngdra barna?	A	B	C
Koma fram upplýsingar um fjölda starfsmanna og stöðugildi?	A	B	C
Koma fram með skýrum hætti upplýsingar um símenntunaráætlun /starfsþróunaráætlun leikskólans?	A	B	C
Kemur fram stefna skólans ásamt áherslum og markmiðum komandi árs?	A	B	C
Kemur fram hvaða þætti skal meta komandi skólaár og hvaða umbótaferli verða unnin eftir fyrirbyggjandi mat?	A	B	C
Koma fram skýrar upplýsingar um foreldraráð, áætlaða foreldrafundi og foreldraviðtöl?	A	B	C
Kemur fram með skýrum hætti hvernig leikskólinn hyggst vinna að samstarfi við grenndarsamfélagið s.s. grunnskólann?	A	B	C
Kemur fram með skýrum hætti hvernig samstarfi er háttað við stoðþjónustukerfi bæjarins s.s. fræslu- og fjölskyldusvið?	A	B	C
Skóladagatal	A	B	C

Staðfest á fundi í skólaráði _____ 27. september 2023 _____

Staðfest á fundi skólanefndar _____ 28. september 2023 _____